

Grænfánafundur 16. febrúar 2017.

Mættir á fundinn voru: Karítas, Hjördís, Fanney, Sigrún, Hafdís.

Farið var yfir það sem var rætt á síðasta fundi og jafnóðum rætt og teknar ákvarðanir með eftirfarandi.

- Umræða var um hvort okkur finndist í lagi að vera með eina matskeið af sykri í 4 kg af brauðum fyrst þau borðast betur þannig. Það var samdóma álit að það væri í lagi.
- Kanillinn. Mjög fáir virðast sakna hans og við ákveðið var að sleppa honum framvegis á hafragrautinn.
- Rúsínur. Lifur lítilla barna nær ekki að hreinsa efnin sem safnast saman í rúsínunum þegar þær eru þurrkaðar. Ákvörðun tekin um að hafa eingöngu rúsínur í boði á grjónagrautinn eins og kanilinn. Ákveðið var að láta foreldra vita af því að við höfum ákveðið að taka út kanil og rúsínur að mestu leiti og hvers vegna.
- Lagt til að fá banana inn með morgunmatnum á miðvikudögum til að bjóða með hafragrautnum.
- Hjördís ætlar að ræða við Kittý um grænmetið sem fer inn á deildir í hádeginu. Hvort hægt er að hafa eitthvað grænt grænmeti einu sinni í viku eða hvort hægt er að hafa tvær teg t.d. gúrku og paprikku þennan dag og einn hvað annað næsta dag.
- Það var umræða síðast um að kenna hófsemi í mataræði. T.d. að eitt kex er nóg. Ekki borða bara það sem okkur finnst gott t.d. ein sæt kaka og þá fylgi því allir eftir að það sé bara eitt á mann. Ekki senda fram til að ná í meira t.d. á miðvikudögum þegar það er sæt brauð en í stað sætrar köku (við vorum búnar að tala um að miðvikudagskakan gæti stundum verið minna sæt og þá er oft gert bananabrauð eða döðlubrauð).
- Almenn ánægja með tannverndarvikuna og ákveðið að gera þetta aftur á næsta ári. Tannlæknirinn sem haft var samband við var einnig mjög ánægð með leikskólann að sýna tannvernd áhuga.
- Umræða um að ganga mjög varlega um ganga og inni á deildum með kaffibolla þar sem það getur slettst á börnin úr bollum og valdið brunaslysum t.d. ef við göngum óvart á þau. Á mörgum stöðum er bannað að fara með kaffibolla inn á deildir.

- Hrafnhildur og Unnur frá Hugarfrelsi ætla að koma og hitta deildastjóra á deildastjórafundum 9. Mars kl. 10:00. Deildastjórar segja þá lítillega frá sinni reyslu og sinni leið.
- Hreyfingin.
 - Gengur betur eftir að skráningarblaðið kom upp
 - Skrá dansinn.
 - Gera skráningarblaðið sýnilegt fyrir foreldrum í fataklefanum.
- Yngri deildarnar skiptas á að sjórna hreyfingu úti á föstudagsmorgnum fyrir starfsfólk og hvetja börnin til að reyna.
- Ákveðið var að biðja Kristínu að sjórna leikfimi í 15 mín í útiveru e.h. á föstudögum á (gerfigrasinu) og hvetja alla sem geta til að vera með börn og starfsfólk. Við stingum upp á 13:45 þá geta allir sem eru í vinnu e.h. á föstudögum komið út og verið með (þ.e.a.s. ef eingin á að vera inni, það gæti þá verið sniðugt að safna þeim saman og einhver einn væri með þau í salnum t.d.) Eldhússtarfsmenn gætu líka verið með á þessum tíma?
- Karítas minntist á það við þurfum að viðhalda því í Grænfánanum sem við höfum áður náð og minnti á að skökkva á seríum og ljósum t.d. í listakrók á Bjarmalandi og Draumalandi. Þar virðist ekki slökkna á ljósum þegar slökkt er á aðalrofa.
- Karítas minnti einnig á að tæma tunnurnar á ganginum á föstudögum. Það hefur þó t.d. verið erfitt með plastið að undanförunu þar sem það er svo útúrfullur gámurinn.
- Karítas ætlar að taka að sér að merkja tunnurnar í endurvinnslunni á ganginum upp á nýtt.

Fundi slitið 11:15